

Verkefni 7	Þurrkstöð við Húsavík
Markmið (SMART)	<i>Skilgreina forsendur fyrir uppsetningu þurrkstöðvar við Húsavík sem nýti heitt vatn til þurrkunar lífmassa. Fyrir liggja greinargerð um forsendur slíkrar stöðvar í lok sumars. Búið er að tryggja mjög hæfan verkefnisstjóra til verksins takist að fjármagna það. Niðurstöður verkefnis verða yfirfærarlegar miðað við aðrar staðsetningar að breyttu breytanda.</i>
Stutt verkefnalýsing	Skilgreina forsendur, hráefni og afurðir þurrkstöðvar sem nýti 80 – 180°C heitt vatn sem til staðar er, eða unnt að afhenda, til þurrkunar á alls kyns lífmassa. Um er að ræða t.d. hey, korn, hálm, mó, fisk og kjöt en einnig aukaafurðir og úrgang sem til fellur í dag og fer annað hvort í urðun eða til moltugerðar en hluta hans mætti gera að verðmætari afurðum með þurrkun. Afurðir stöðvarinnar geta bæði verið til svæðisbundinnar- eða innanlandsnotkunar en einnig eru þær hugsaðar til útflutnings eftir því sem tækifæri gefast. Verkefnið felst í því að taka saman greinargerð um forsendur slíkrar þurrkstöðvar sem unnt yrði að byggja gerð viðskiptaáætlunar á.
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
Samstarfsaðilar	Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga, Orkuveitu Húsavíkur og Eimur.
Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019	Verkefnið fellur undir fimmta megin markmið sóknaráætlunar; Fjölnýting orkuauðlinda og styður sérstaklega undir markmið 5.1 um að auka og bæta nýtingu orkuauðlinda svæðisins – auka verðmætasköpun og sjálfbærni.
Árangursmælikvarði/ar	Greinargerð unnin og niðurstöður hennar.
Lokafurð	Greinargerð um forsendur þurrkstöðvar við Húsavík.
Tímarammi	Verkefni hefst um leið og fjármögnun er tryggð og líkur í júní/júlí.
Heildarkostnaður	Kr. 2.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2019	Kr. 1.000.000,-